



**Ársskýrsla**  
**VM 2023**

---

## Efnisyfirlit

Ávarp formanns .....	4
Rekstur VM .....	6
Starfsfólk .....	8
Félagsgjöld.....	9
Fjöldi félagsmanna og skipting.....	10
Skipting félagsmanna eftir störfum.....	11
Skipting félagsmanna eftir svæðum .....	12
Kannanir .....	13
Orlofssjóður VM.....	16
Stjórn og varastjórn.....	16
Viðburðadagatal .....	18
Fulltrúaráð.....	20
Orlofsnefnd VM .....	20
Trúnaðarmenn félagsins og tengiliðir.....	21
Félagslíf .....	22
1. maí.....	24

Starf VM innan beinnar aðildar að ASÍ.....	25
Viðurkenning á Sjómannadaginn .....	26
Undanþágu- og mönnundarnefndir skipa.....	28
Úrskurðarnefnd um fiskverð .....	28
Lífeyrissjóðir félagsmanna VM .....	29
Erlent samstarf.....	30
Fræðslu- og menntamál VM .....	30
Starfsgreinaráð í málmækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinum.....	31
Skólamál.....	32
Sjóðir VM .....	39
Styrtkar- og sjúkrasjóður VM.....	40
Akkur.....	42
Kjarasvið Fagfélaganna .....	43
Virk – Starfsendurhæfingarsjóður.....	44
Lykiltölur úr rekstri VM .....	47

# Góðir félagar.

Í lok árs 2022 var skrifað undir kjarasamninga til eins árs á vinnumarkaði. Samið var um 6,75% hækkun launa auk þess sem kauptaxtar og nýjar launatöflur tóku gildi. Samningurinn átti að tryggja verðbólgu, stuðla að stöðugleika og koma í veg fyrir hækkun stýrivaxta. Kjaralotunni lauk með undirritun kjarasamnings við Faxaflóahafnir um miðjan ágúst 2023.

Til að gera langa sögu stutta rættust vonir um lægri vexti og minni verðbólgu ekki. Raunar var það svo að í september 2023, hafði verðbólgan étið upp umsamdar launahækkanir. Verðlag hafði þá hækkað umfram 6,75%. Stýrivextir voru auk þess orðnir 9,25% og eru það raunar enn.

Í haust var fyrir vikið orðið ljóst að nýja nálgun þurfti á kjaraviðræður. Í pistli síðasta árs var óhjákvæmilegt að koma inn á þær deilur sem ríkt höfðu innan Alþýðusambands Íslands. Þar lýsti ég þeirri ósk minni að sættir myndu nást innan sambandsins. Kjaraviðræður haustsins báru vott um að þessar deilur séu að baki, þrátt fyrir að fylkingarnar hafi á endanum orðið tvær.

Segja má að það hafi markað ákveðin tímamót þegar í ljós kom að fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launþega voru í stórum dráttum sammála um markmið kjarasamninga og þá stefnu sem taka þyrfti. Báðir hópar höfðu þá fengið að kenna á verðbólgu og háum vöxtum.

Samningurinn gildir til 31. desember 2023, nema honum verði sagt upp fyrir. Kosningaþátttakan var með ágætum og sérstaklega gleðilegt að hann skyldi vera samþykktur með auknum meirihluta.

## Langtímasamningar

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi gengið á í kjaraviðræðunum, sem óþarft er að rekja hér, verður ekki annað sagt en að vel hafi tekist til. Samningar við Samtök atvinnulífsins náðust í mars 2024, sem félagsfólk okkar samþykkti með 72% greiddra atkvæða. Samningarnir eru til fjögurra ára. Þrátt fyrir að enn eigi eftir að semja við stóra hópa er það trú mín að sú stefna, sem í samningunum var mörkuð, eigi eftir að reynast farsæl fyrir heimili landsins. Samið var um hóflegar hækkanir launa á samningstímanum (3,25% í ár en 3,5% hin þrjú ár samningstímans) og bætt var í ávinnslu orlofs, svo það helsta sé nefnt.

Ríkið kom auk þess að borðinu á lokametrunum og kynnti aðgerðir sem gagnast munu millitekjuhópum í okkar röðum vel. Nú þurfa aðrir aðilar í íslensku samfélagi, eins og sveitarfélög og stórfyrirtæki, að standa við sitt og halda aftur af verðhækkunum. Allir þurfa að róa í sömu átt ef markmiðið á að nást.

## Vélstjórar sömdu

Það var ekki síður ánægjulegt að vélstjórar skyldu samþykkja nýjan kjarasamning við SFS í marsmánuði. Sjómenn höfðu verið samningslausir í allt of mörg ár. Samningurinn er afturvirkur – tók gildi frá 1. janúar síðastliðnum og kveður á um mikilvægar og löngu tímabærar kjarabætur fyrir vélstjóra, ekki síst þegar kemur að tímakaupi í landi, upptöku desemberuppbótar og lífeyrismálum – en vélstjórar sitja nú loks við sama borð og aðrir landsmenn þegar að lífeyrisréttindum kemur. Kauptaxti vélstjóra á sjó, hvað varðar vinnu í landi, er sá hæsti sem VM hefur samið um.

Samningurinn gildir til 31. desember 2023, nema honum verði sagt upp fyrir. Kosningaþátttakan var með ágætum og sérstaklega gleðilegt að hann skyldi vera samþykktur með auknum meirihluta.



### Samvinna Fagfélaganna

Samstarf Fagfélaganna (MATVÍS, VM og RSÍ) var til fyrirmyndar í gegnum kjaraviðræðurnar. Samningsumboð Byggiðnar var hjá Samiðn. Nafnið Fagfélögin hefur á skömmum tíma – fyrst fyrir tilstilli auglýsingaherferðar í janúar en síðar í gegnum fréttaflokkning af kjaraviðræðum – náð fótfestu í umræðunni. Saman hafa félögin meiri slagkraft og meira bolmagn til að gæta hagsmuna félagsfólks. Í því samhengi má nefna öflugt vinnustaðaeftirlit sem Fagfélögin standa að í samvinnu við Eflingu. Fagfélögin halda úti öflugri kjaradeild, hafa staðið saman fyrir fjölmönnum lífeyrisnámskeiðum og hafa náð að samnýta krafta sína með ýmsum hætti sem of langt mál væri að rekja hér.

Þegar árið 2023 er gert upp verður ekki hjá því komist að nefna aðstæður vina okkar í Grindavík. Jarðeldarnir við Grindavík hafa svo sannarlega sett líf bæjarbúa úr skorðum. VM, eins og önnur stéttarfélög, lagði þeim tímabundið til húsnæði þegar á reyndi í haust en sem betur fer eru Grindvíkingar smám saman að komast í varanlegt húsnæði í næstu bæjarfélögum. Það eru atburðir sem þessir sem skilgreina samfélög. Þrátt fyrir að ýmislegt hafi betur mátt fara, ekki síst þegar kemur að upplýsingagjöf, er útlit fyrir að Grindvíkingum verði gert kleift að hefja líf á nýjum stað með reisn.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka stjórn félagsins, samninganefndum og félagsfólki fyrir góða samvinnu. Síðast en ekki síst vil ég færa okkar frábæra starfsfólki þakkir fyrir góð störf við krefjandi aðstæður.



**Guðmundur Helgi Þórarinnsson**  
formaður VM

Með félagskveðju,  
Guðmundur Helgi Þórarinnsson,  
formaður VM

## Rekstur VM

Efni skýrslunnar er flokkað eftir helstu málefnum og stiklað á stóru í máli og myndum frá síðasta aðalfundi sem haldinn var á Stórhöfða 29, 31. mars 2023 fram að aðalfundi 11. apríl 2024. Tölulegar upplýsingar eru miðaðar við starfsárið 2023 en efnisatriði eru miðuð við tímann milli aðalfunda, þ.e. mars 2023 til apríl 2024.



Rekstrargjöld orlofshúsa lækka um -4.4% milli ára, en leigutekjur orlofshúsa lækka um 4,2%.

Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 9,5% frá árinu 2022 en höfðu hækkað um 14,5% milli árána 2022 og 2021. Rekstrartekjur hækka um rúm 9,1% milli ára. Greiddar bætur og styrkir hækka um 16,1% milli ára, eða um 44,2 millj. kr. Hlutfall launakostnaðar af tekjum án söluhagnaðar nemur 17,6% en var 19,2% árið áður. Hlutfall almenns rekstrarkostnaðar af tekjum er 19,6% samanborið við 16,4% árið 2022. Rekstrargjöld orlofshúsa lækka um -4.4% milli ára, en leigutekjur orlofshúsa lækka um 4,2%. Á árinu var rekstrartap fyrir fjármagnsliði 10,6 millj. kr. samanborið við 13,9 millj. kr. rekstrarhagnað á árinu 2022.

Samkvæmt reglugerð Vinnudeilusjóðs skal höfuðstóll sjóðsins ekki fara undir 300 millj. kr. að raunvirði m.v. launavísitölu í apríl 2017. Það samsvarar 486,7 millj. kr. á verðlagi í árslok 2023.

Neikvæð raunávöxtun ársins á fjármunum félagsins var í takt við almenna ávöxtun á markaði á sambærilegum verðbréfum eða 15% - 18%.

Bókfært tap af verðbréfasafni er um 76,2 millj. kr. á árinu 2022 en á árinu 2021 var jákvæð ávöxtun um 134,6 millj. kr.

Heildarafkoma félagsins á árinu 2023 var jákvæð um 19,5 millj. kr. samanborið við 44 millj. kr. neikvæða afkomu á árinu 2022. Rekstrarhagnaður varð á rekstri Félagssjóðs og Styrktar- og sjúkrasjóðs en rekstrartap var á rekstri Orlofssjóðs og Fræðslusjóðs. Heildareignir félagsins nema 2.791 millj. kr. og hækka um 9,5 millj. kr. milli ára. Félagið er með stóran hluta eigna sinni í fjárvörslu og eignastýringu hjá viðurkenndum

þjónustuaðilum eða alls um 1.240 millj. kr. Skuldir félagsins í árslok nema 158 millj. kr. og eigið fé félagsins er 2.633 millj. kr. þann 31. desember 2023 samanborið við 2.610 millj. kr. í árslok 2022.

Fasteignir félagsins eru að Stórhöfða 29 í Reykjavík, þar sem félagið er með aðalstarfsstöð sína, og eignarhlutur í Skipagötu 14 á Akureyri ásamt öðrum stéttarfélögum en þar getur félagsfólk leigt og greitt fyrir orlofshús og íbúðir og skilað inn umsóknum í sjóði félagsins.

Að auki á félagið geymsluaðstöðu í Akralind 1, Kópavogi ásamt öðrum stéttarfélögum en sú geymsluaðstaða er nú í útleigu.

Félagið á 5 íbúðir í Reykjavík og 4 á Akureyri. Af þessum 9 íbúðum eru 2 sjúkraíbúðir, ein í Reykjavík og ein á Akureyri og eru þær ekki í hefðbundinni leigu. Félagið á líka og rekur 29 orlofshús, þrjú af þeim í endurbyggingu og glæsilegt tjaldsvæði á Laugarvatni með 60 stæðum.

Reikningar VM eru endurskoðaðir af Ernst & Young og verða lagðir fram á aðalfundinum 11. apríl 2024.

# 300

Frá september 2023 til febrúar  
2024 bárust kjaradeildinni  
1.514 símtöl eða rúmlega 300  
símtöl í hverjum mánuði.

# 4.469

Meðaltímaláun safnsins mældust kr. 4.469  
en mældust kr. 3.966 í síðustu könnun sem er  
12,7% hækkun milli ára.

# 2.791.000.000

Heildareignir félagsins nema 2.791 milljónum króna og hækka um 9,5 milljónir milli ára.

# 3.260

Árið 2023 greiddu alls 3.260 einstaklingar félagsgjöld  
til VM sem er fjölgun um 69 frá árinu 2022.

# 84%

Í landi starfa 83,90% félagsmanna en 16,10% eru á sjó.

# 13

Alls útskrifuðust 13 nemednur í rennismíði árið 2023.

# 318

Árið 2023 voru greiddir  
318 styrkir úr fræðslusjóði  
félagsins, 258 styrkir vegna  
fagnáms samtals að upphæð  
kr. 19.030.719 og 60 vegna  
tómstundanáms samtals að  
upphæð kr. 2.769.085

## Starfsfólk VM

Guðmundur Helgi Þórarinnsson	Formaður
Halldór Arnar Guðmundsson	Kjara- og menntasvið
Áslaug R. Stefánsdóttir	Skrifstofustjóri og fulltrúi fræðslusjóðs
Elín Sigurðardóttir	Bókhald og fulltrúi sjúkrasjóðs
Helgi S. Jóhannsson	Móttaka og símsvörun á Akureyri

## Lögmenn Jónas Þór slf.

Jónas Þór Jónasson	Hæstaréttarlögmaður
Sigrún Ísleifsdóttir	Héraðsdómslögmaður

## Starfsfólk 2F

### Kjarasvið

Benóný Harðarson	Forstöðumaður kjarasviðs
Vilhjálmur Sveinsson	Sérfræðingur á kjarasviði
Ari Thorlacius	Í fæðingarorlofi /Sérfræðingur á kjarasviði
Mirabela Blaga	Fulltrúi vinnustaðaeftirlits
Adam Kári Helgason	Fulltrúi vinnustaðaeftirlits
Ágúst Arnórsson	Hagfræðingur á kjarasviði

### Rekstarsvið

Pálmi Finnbogason	Forstöðumaður rekstarsviðs
Erla Sigríður Erlingsdóttir	Umsjón með sjúkrasjóðum
Lilja Sæmundsdóttir	Umsjón með sjúkrasjóðum
Hlín Guðjónsdóttir	Fulltrúi VIRK
Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir	Fulltrúi VIRK
Hildur Petra Friðriksdóttir	Fulltrúi VIRK
Unnur B. Árnadóttir	Fulltrúi VIRK
Helga Björg Steingrímsdóttir	Verkefnastjóri móttöku
Agnes Olejarz	Móttaka
Sigríður Karítas Kristjónudóttir	Móttaka
Þorsteinn Hilmarsson	Bókhald
Álfhildur Guðmundsdóttir	Bókhald
Guðni Gunnarsson	Umsjónamaður fasteigna, tækni- og ofl.
Guðjón Heiðar Sigurðsson	Umsjónarmaður orlofshúsa
Marta Kristjánsson	Matráður
Hrönn Magnúsdóttir	Hönnuður
Elsa María Rögnvaldsdóttir	Lögrfræðingur
Bjartmar Pálmason	Matreiðslumaður




## Félagsgjöld

Félagsgjöld eru 0,8% af heildartekjum félagsfólks.  
Félagsgjöldin fóru úr rúmlega 276 milljónum 2022  
í tæplega 300 milljónir árið 2023.

Launagreiðendur, sem skiluðu iðgjöldum til  
félagsins árið 2023, voru 899 og er það  
fækkun um 26 frá árinu 2022.



## Fjöldi félagsmanna og skipting



**51**

Konur eru félagar í VM



**3.209**

Karlar eru félagar í VM


Árið 2023 greiddu alls 3.260 einstaklingar félagsgjöld til VM sem er fjölgun um 69 frá árinu 2022. Skipting milli kynja er 3.209 karlar og 51 kona.

Skráð félagsfók, sem hætt er störfum vegna aldurs eða örorku, er 761.

Atvinnulaust félagsfók var 51 í desember 2023 og er það fjölgun um 2 frá árinu 2022.

## Skipting félagsmanna eftir störfum og svæðum árið 2022 og 2023

■ Landmenn ■ Fiskiskip ■ Önnur skip ■ Orkugeirinn



Á þessari mynd má sjá hvernig félagsfólk okkar skiptist í störf á landi og á sjó.  
Í landi starfa 83,90% en 16,10% eru á sjó.

### Skipting greiðandi félagsmanna eftir störfum árið 2022

Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda
Fiskiskip	394	13.10%
Önnur skip	103	3.42%
Orkugeirinn	185	6.15%
Landmenn	2326	77.33%
Samtals	3008	100.00%

### Skipting greiðandi félagsmanna eftir störfum árið 2023

Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda
Fiskiskip	394	12,09%
Önnur skip	131	4,02%
Orkugeirinn	187	5,74%
Landmenn	2548	78,16%
Samtals	3260	100,00%


## Skipting félagsmanna eftir svæðum

Á meðfylgjandi mynd má sjá dreifingu félagsfólks VM yfir landið árið 2023.

Rúmlega 59% félagsfólks okkar búa á höfuðborgarsvæðinu.

### Skipting félagsmanna eftir svæðum árið 2023

Félagsmenn	Fjöldi	Hlutfall af fjölda
Austurland	160	3,99%
Norðurland	391	9,76%
Vesturland og Vestfirðir	303	7,56%
Höfuðborgarsvæðið	2378	59,36%
Suðurland og Reykjanes	774	19,32%
Samtals	4006	100,00%



■ Austurland
 ■ Norðurland
 ■ Vesturland og Vestfirðir
 ■ Höfuðborgarsvæðið
 ■ Suðurland og Reykjanes

# 391

félagsmenn VM  
þjuggu á norðurlandi  
árið 2022





## Kannanir

Kjarakönnun á meðal félagsfólks VM, sem starfar í landi, stóð yfir dagana 16. október til 27. nóvember 2023. Könnunin var rafræn og aðgengileg með hlekk og var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Hægt var að svara henni á íslensku, ensku og pólsku. VM sendi hlekk á könnunina ásamt upplýsingum um markmið hennar á félagsfólk sitt með tölvupósti og SMS.

Könnunin var blanda af net- og símakönnun. Þeir sem eru á netfangalista félagsins fá könnunina senda en hringt var í þá sem ekki eru á netfangalista.

Varða, Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, sá um framkvæmd könnunarinnar sem tók til septemberlauna árið 2023. Alls tóku 483 þátt í könnuninni af 1798, sem gerir um 27% svarhlutfall.

Kjarakannanir eru mikilvægasta verkfæri félagsfólks og félagsins til að móta kjarastefnu félagsins og við mat félagsfólks á kjörum sínum samanborið við aðra.





Meðaltímalaun safnsins mældust kr. 4.469 en mældust kr. 3.966 í síðustu könnun sem þýðir 12,7% hækkun milli ára.

Upplýsingar um heildargreiðslur eru vandmeðfarnar fyrir svo fjölbreyttan hóp sem hér um ræðir. Vinnufyrirkomulag og launakerfi eru mismunandi þar sem um er að ræða bæði dag- og vaktavinnufólk, auk þess sem launin eru ýmist pakkalaun eða samsett. Árið 2023 mældist meðaltal heildargreiðslna allra þátttakenda kr. 1.035.179 og meðalvinnustundafjölda á viku má ætla um 43 klst. Árið 2022 mældist meðaltal heildargreiðslna allra þátttakenda kr. 954.000 og meðalvinnustundafjöldi á viku var 41 klst.




Undanfarin ár hefur verið spurt um þjónustu VM. Á næstu opnu eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu.

Varða,  
Rannsóknastofnun  
vinnumarkaðarins,  
sá um framkvæmd  
könnunarinnar sem  
tók til septemberlauna  
árið 2023. Alls tóku  
483 þátt í könnuninni  
af 1798, sem gerir um  
27% svarhlutfall.

### Hefur þú nýtt þér einhverja þjónustu félagsins á síðustu 12 mánuðum?



**Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með þá þjónustu sem þú fékkst?**



## Orlofssjóður VM

Orlofssjóður VM rekur 34 orlofshús allt árið um kring og 37 yfir sumarið. Fjöldi félagsfólks er rétt tæplega 4.000. Á síðasta ári var sundlaugin og svæðið í kringum hana á Laugarvatni tekið í gegn. Endurnýja þurfti allt dælu- og síukerfi laugarinnar ásamt dúknum í lauginni. Á sama tíma voru settir 2 nýir heitir pottar ásamt köldum potti. Hafist var handa við að reisa nýtt hús á Einarstöðum í stað eldra húss sem var fjarlægt af staðnum. Byggingu þess húss ætti að ljúka í sumar. Einnig hefur verið byrjað á framkvæmdum á 2 nýjum húsum á Laugarvatni í stað tveggja húsa sem voru fjarlægð þaðann. Þau hús ættu að verða tilbúin með haustinu.

Á síðasta ári var sundlaugin og svæðið í kringum hana á Laugarvatni tekið í gegn. Endurnýja þurfti allt dælu- og síukerfi laugarinnar ásamt dúknum í lauginni.



## Stjórn og varastjórn

Frá aðalfundi 2023 til aðalfundar 2024 voru haldnir 10 stjórnarfundir.

Öllum samþykktum frá síðasta aðalfundi hefur verið fylgt eftir. Ávallt er lögð áhersla á uppbyggingu félagsins með bættum rekstri á öllum sviðum og aukinni þjónustu við félagsfólk..







### Stjórn VM skipa frá aðalfundi 2022 til aðalfundar 2024

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, *formaður*  
Sigurður Gunnar Benediktsson, *varaformaður*

#### Aðalmenn:

Einar Sveinn Kristjánsson  
Tinna Magnúsdóttir  
Agnar Ólason  
Pétur Freyr Jónsson  
Kristmundur Skarphéðinsson  
Helgi Már Sigurgeirsson  
Símon Guðvarður Jónsson

#### Varamenn:

Valbjörn Jón Höskuldsson  
Guðmundur Hermann Salbergsson  
Svanur Gunnsteinsson  
Sigurður Jóhann Erlingsson  
Einar Óskar Friðfinnsson  
Brynjólfur Árnason

Jónína Snæfríður Einarsdóttir var kjörin í stjórn VM á aðalfundi 2022 en sagði sig úr stjórn í nóvember 2022 af persónulegum ástæðum. Fyrsti varamaður, Símon Guðvarður Jónsson, tók sæti hennar í aðalstjórn.



## Viðburðadagatal

### 2023

- 16. mars ..... Íslandsmót iðn- og verkgreina
- 17. mars ..... Íslandsmót iðn- og verkgreina
- 18. mars ..... Íslandsmót iðn- og verkgreina
- 21. mars ..... Fundur NMF
- 22. mars ..... Fundur NMF
- 28. mars ..... Afhending sveinsbréfa á Hilton Nordica
- 31. mars ..... Aðalfundur VM
- 13. apríl ..... Fulltrúaráðsfundur Gildis
- 17. apríl ..... Fulltrúaráð VM í Birtu
- 27. apríl ..... Þing ASÍ
- 28. apríl ..... Þing ASÍ
- 09. maí ..... Aðalfundur sjómannadagsráðs
- 11. ágúst ..... Golfmót VM
- 23. ágúst ..... Ferð eldri félaga

- 12. september ..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 19. september ..... Afhending sveinsbréfa á Hilton Nordica
- 29. september ..... Kjararáðstefna VM
- 30. september ..... Kjararáðstefna VM
- 03. október ..... Fundur NMF
- 04. október ..... Fundur NMF
- 03. nóvember ..... Formannafundur ASÍ
- 15. nóvember ..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 26. desember ..... Félagsfundur á Ísafirði
- 27. desember ..... Félagsfundur í Vestmannaeyjum
- 28. desember ..... Fundur með vélstjórum á fiskiskipum í Reykjavík.
- 29. desember ..... Félagsfundur á Reyðarfirði
- 29. desember ..... Félagsfundur á Akureyri

**2024**

- 02. janúar ..... Félagsfundur á Höfn í Hornafirði
- 11. janúar ..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 15. febrúar ..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 23. febrúar ..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 11. apríl ..... Aðalfundur VM



Áfram er unnið að framtíðaruppbyggingu orlofsmála félagsins í nefndinni og þar er verið að vinna með ýmsar hugmyndir, meðal annars um að kjarni orlofsstarfsemi félagsins verði á Laugarvatni.

## Fulltrúaráð

Fulltrúaráð VM er stjórn félagsins til ráðgjafar og stuðnings við ýmis stærri málefni í starfsemi félagsins s.s. stefnumótun, kjarasamninga og meiriháttar framkvæmdir á vegum félagsins. Fulltrúaráðið er skipað stjórn og varastjórn félagsins auk trúnaðarmanna og tengiliða félagsins á landsbyggðinni. Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs.

## Orlofsnefnd VM

Ástand flestra orlofshúsa félagsins er komið í ásættanlegt horf og stöðugt er unnið að viðhaldi þeirra.

Áfram er unnið að framtíðaruppbyggingu orlofsmála félagsins í nefndinni og þar er verið að vinna með ýmsar hugmyndir, meðal annars um að kjarni orlofsstarfsemi félagsins verði á Laugarvatni. Verið er að byggja 2 ný hús á Laugarvatni og eitt hús á Einarsstöðum í stað eldra húss þar á svæðinu. Þessi hús eiga að vera tilbúin fyrir haustið. Verið er að klára uppfærslu á sundlauginni og sundlaugarsvæðinu.





## Trúnaðarmenn félagsins og tengiliðir

### Tengiliðir

VM er með tengiliði í Vestmannaeyjum, Grundarfirði,  
Höfn, Akureyri, Vestfjörðum og í Fjarðabyggð

### Tengiliðir VM eru:

**Grundarfjörður:** Þróstur Auðunsson

**Akureyri:** Jón Jóhannsson

**Vestfirðir:** Guðmundur Sigurvinsson

**Höfn:** Sverrir Þórhallsson

**Vestmannaeyjar:** Svanur Gunnsteinsson

**Fjarðabyggð:** Óskar Sverrisson

Félagslegir trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmenn og tengiliðir VM  
á vinnustöðum eru um 50 talsins.

Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki. Þeir eru fulltrúar félagsins á vinnustað  
og talsmenn starfsmanna. Á vinnustað koma upp miserfið mál sem leysa þarf úr.

Þá er mikilvægt að tengslin við félagið og fyrirtækin séu góð.

Stöðugt er unnið að uppbyggingu trúnaðarmannakerfis félagsins með  
það að markmiði að auka tengingu félagsins út á vinnustaði.

## Félagslíf

VM-kaffið hefur verið haldið síðasta fimmtudag í mánuði frá september til mars, að desember undanskildum.

### Ferð eldri félaga VM

Um 50 manns tóku þátt í vel heppnaðri ferð eldri félaga VM sem farin var miðvikudaginn 23. ágúst 2023. Hópurinn lagði af stað á langferðabíl frá Stórhöfða um klukkan 10 um morguninn. Leiðin lá um Borgarnes þar sem gert var stutt hlé til að þátttakendur gætu rétt úr sér og létt á sér. Eftir stoppið var haldið að Langaholti hvar snæddur var hádegisverður.

Að hádegisverði loknum var förinni heitið áfram. Næsti viðkomustaður var Arnarstapi. Þar var gengið frá Gatkletti að gömlu bryggjunni á Arnarstapa. Þegar þeirri göngu var lokið var haldið að gestastofunni á Malarrífi en því næst var farið um Hellissand, Ólafsvík og til Grundarfjarðar, þar sem stoppað var stuttlega.

Að svo búnu var farið yfir Vatnaleið heim á leið. Komið var til baka að Stórhöfða klukkan rúmlega átta að kvöldlagi, eftir afar vel heppnaða og skemmtilega ferð í frábæru veðri. Mikil ánægja var með ferðina en þegar hefur verið hafist handa við að leggja drög að ferð næsta árs. VM þakkar þátttakendum kærlega fyrir samveruna. Meðfylgjandi myndir voru teknar í ferðinni.





## 1. maí



Að venju tók VM- Félag vélstjóra og málmæknimanna þátt í hátíðarhöldunum á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks 1. maí. Ný leið var gengin að þessu sinni. Safnast var saman á Skólavörðuholti og þaðan gengið niður Skólavörðustíg, Bankastræti og Austurstræti að Ingólfstorgi þar sem útifundur hófst kl. 14:00. Að útifundi loknum bauð VM upp á kaffiveitingar á Stórhöfða 29-31 í húsnæði félagsins og var það vel sótt af félagsfólki.



## Starf VM innan beinnar aðildar og ASÍ

Félög með beina aðild að ASÍ, sem eru utan landssambanda, eru sex: Flugfreyjufélag Íslands, MATVÍS, Mjólkurfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag leiðsögumanna og VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna og Efling.

Formaður félaga með beina aðild er Óskar H. Gunnarsson, formaður Matvís.

Framhaldsþing ASÍ fór fram 27-28. apríl 2023. Þinginu hafði verið frestað um sex mánuði í kjölfar útgöngu fulltrúa VR, Eflingar, Starfsgreinasambandsins og VLFA. Kristján Þórður Snæbjarnarson, sem gegnt hafði embætti forseta ASÍ eftir afsögn Drífu Snædal, gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Finnbjörn A. Hermannsson, áður formaður Byggiðnar, var á framhaldsþinginu kjörinn formaður sambandsins. „Ég vil leggja mín lóð á vogarskálar þess að verkalýðshreyfingin rísi undir ábyrgð sinni á erfiðum tímum, og standi vörð um kjör vinnandi fólks og sæki fram fyrir bættum lífskjörum okkar allra. Með því að stilla saman strengi í gegnum sterk og öflug heildarsamtök getur verkalýðshreyfingin knúið á um raunverulegar kjarabætur sem halda til frambúðar,“ sagði Finnbjörn þegar hann tók við.

Á þinginu var framtíð vinnumarkaðarins tekin fyrir, jafnrétti og menntun, kjaramál, lífeyrismál og húsnæðismál, svo fátt eitt sé nefnt.

## Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn gekk einstaklega vel á Grandanum og viðburðir dagsins voru gríðarlega vel sóttir. Auk fjölbreyttrar fjölskyldudagskrár á Grandanum voru á sínum stað hefðbundnir liðir sjómannadagsins eins og minningarathöfn, hátíðarmessa og svo heiðrunarathöfn sem var þó haldin í annarri umgjörð en þekkt hefur, í miðstöð menningar okkar Íslendinga – Hörpunni. Heiðraðir voru þeir Andrés Hafberg vélstjóri, Björgvin Jónasson vélstjóri, Guðmundur Bjarnason skipstjóri, Ívar Bjarnason sjómaður, Kristján Lúðvík Ásgrímsson sjómaður og Markús Alexandersson skipstjóri.



Heiðraðir voru þeir  
Andrés Hafberg  
vélstjóri, Björgvin  
Jónasson vélstjóri,  
Guðmundur  
Bjarnason skipstjóri,  
Ívar Bjarnason  
sjómaður, Kristján  
Lúðvík Ásgrímsson  
sjómaður og Markús  
Alexandersson  
skipstjóri.



## Viðurkenning á sjómannadaginn 2023

Six sjómenn voru heiðraðir fyrir farsæl félags- og sjómannastörf og björgun mannlífa í Hörpu sjómannadaginn, 4. júlí 2023. Athöfninni var útvarpað beint á Rás 1. Tveir vélstjórar voru á meðal þeirra sem hlutu viðurkenningar; Andrés Hafberg og Björgvin Jónasson. Textinn hér að neðan er úr ávarpi sem flutt var við athöfnina.

### TVEIR VÉLSTJÓRAR HEIÐRAÐIR Í HÖRPU

#### Andrés Hafberg

■ Andrés fór fyrst á sjóinn fimmtán ára gamall, á vertíðarbat með föður sínum. Eftir það réri hann á sumrin meðfram skólagöngunni en árið 1970 var teningnum kastað þegar hann fór fyrst einn túr á Jökulfellinu og munstraði sig síðan á varðskipið Þór.

Andrés sá í byrjun Stýrimannaskólann í hillungum en snerist svo hugur og setti stefnuna á Vélskólann eftir að hafa kynnst frábærum vinnufélögum í vélinni á Þór þar sem hann vann sem smyrjari. Hann tók öll fjögur stig vélstjórnarréttinda og kláraði Vélskólann árið 1975. Um svipað leyti byrjaði hann að leysa af sem skipstjóri hjá Faxaflóahöfnum en réði sig síðan sem yfirvélstjóra á Ásgeir, glænýjan skuttogara Ísbjarnarins. Andrés var síðan meira og minna á togurum, með örfáum hléum þó, en síðustu 16 árin starfaði hann sem vélstjóri hjá höfninni til ársins 2020 þegar hann hætti á sjónum sjötugur að aldri. Andrés var alla tíð virkur í félagsstörfum, var um langa hríð trúnaðarmaður vélstjóra Faxaflóahafna og í samninganefnd Vélstjóra og málmteknimanna.



Björgvin Jónasson og Andrés Hafberg

## Björgvin Jónasson

■ Björgvin byrjaði eftir gagnfræðaskólanámið á Akureyri að vinna í síldarverksmiðjunni á Hjalteyri en var sóttur þangað óvænt eina nóttina og munstraður sem kokkur um borð í Baldri frá Dalvík. Leið hans lá síðan í farandverkamennsku á vertíð í Innri-Njarðvík. Þegar Björgvin heyrði auglýst eftir háseta á síldarbát sló hann til og fékk pláss á þáverandi elsta báti íslenska flotans sem var á síld. Eftir örlyttar þreifingar á sjálfum sér í landi lá svo leiðin aftur út á sjó og nýskriðinn yfir tvítugt lagði Björgvin grunn að ævistarfinu og útskrifaðist úr Vélaskólanum með full vélstjóra-réttindi árið 1971.

Björgvin kom víða við á ferli sínum. Hann var m.a. í talsverðan tíma á togaranum Helgu II. Björgvin segir Jakob Daníelsson vélstjóra, Kobba á Helgunni eins og hann var gjarnan kallaður á þeim tíma, hafa kennt sér margt og ekki síst endalaus nákvæmni, þrifnað í vélarúminu og vandaða viðhaldsstjórnun. Allur þessi agi hefur ef til vill valdið því að honum var síðar treyst fyrir ábyrgðarhlutverkum á borð við að fylgjast með nýsmíði stórra nýrra skipa. Björgvin var einnig í rúman áratug á Guðmundi í Nesi, RE-013 auk ýmissa annarra verkefna til sjós. Björgvin var um tíma í stjórn Vélstjórafélagsins og verkfallsnefnd þess.

## NEISTINN

Tryggingamiðstöðin hf. og VM – félag vélstjóra og málmteknimanna veittu í þrítugasta sinn viðurkenningu fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórastörf á sjómannadag. Viðurkenninguna hlaut að þessu sinni Einar Björnsson yfirvélstjóri á Dettifossi. Einar er fæddur 29. ágúst 1956 í Reykjavík. Foreldrar hans eru þau Björn Helgason og Soffía Einarsdóttir. Hann lauk grunnskólanámi frá Víghólaskóla 1972 og framhaldsnámi frá Menntaskólanum í Kópavogi 1976. Hann lauk svo 4. stigi vélstjórnarnáms árið 1979 og starfsþjálfun hjá Stálvík og sveinsprófi í vélvirkjun 1980. Hann starfaði síðan hjá Stálvík til ársins 1982 og við uppsetningu á Otis-lyftum til ársins 1983. Einar starfaði sem vélstjóri á skipum Eimskipafélagsins árin 1983 til 1985. En starfaði síðan við uppsetningu og viðhald á trésmíðavélum hjá Iðnvélum 1985 til 1987 og við uppsetningu á fiskvinnsluvélum hjá Hafís árin 1987 og 1988. Frá 1988 til 1990 var Einar hjá Eimskip, auk þess að starfa við uppsetningu og viðhald á kælikerfum hjá Gísla Ágústssyni árin 1990 til 1993. Einar fór aftur til Eimskips frá 1993 til 1995, en fluttist þá til Ísafjarðar og vann í kælideild Pólsins í 4 ár. Frá 1999 til 2000 hjá Celsius, en síðan nær óslitið hjá Eimskip, á Goðafossi, Lagarfossi og núna Dettifossi.





## Undanþágu- og mönnunarnefndir skipa

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi ný lög um áhafnir skipa (nr. 82/2022). Með þeim lögum urðu þær breytingar að undanþágu- og mönnunarnefndir voru lagðar niður. Nefndirnar voru skipaðar fulltrúum útgerðaraðila ásamt fulltrúum vélstjóra og stýrimanna, auk formanns sem ráðherra skipaði.

Með þessum breytingum færast verkefni nefndanna til Samgöngustofu. Umsóknum um undanþágur hefur fækkað flest undanfarin ár og tengist það eflaust fækkun skipa og þar með stöðugildum í skipaflotanum, en jafnframt hefur þessi fækkun leitt til þess að æ erfðara er fyrir nýútskrifaða vélstjóra að safna siglingatímum.

Samkvæmt samantekt Samgöngustofu, bárust stofnuninni samtals 146 beiðnir um undanþágur fyrir vélstjóra árið 2023 og voru 133 þeirra samþykktar. Samsvarandi tölur fyrir árið 2022 eru að þá bárust 152 beiðnir og voru 152 þeirra samþykktar.

Samkvæmt samantekt Samgöngustofu, bárust stofnuninni samtals 146 beiðnir um undanþágur fyrir vélstjóra árið 2023 og voru 133 þeirra samþykktar.

## Úrskurðarnefnd um fiskverð

Úrskurðarnefnd um fiskverð fundar einu sinni í mánuði og tekur ákvörðun um verð á þeim fisktegundum sem kjarasamningur sjómanna kveður á um.

Við viljum vekja athygli á nýju mælaborði á heimasíðu Verðlagsstofu, sem finna má undir „Fiskverð“. Um er að ræða upplýsingar um afurðaverð, sem byggðar eru á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um útflutning á fiskafurðum frá Íslandi.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs.

Markmið frumvarpsins er að veita Verðlagsstofu skiptaverðs skýrari heimildir til rafræns og stafræns aðgangs að gagnasöfnum Skattsins og Hagstofu Íslands er varðar fiskverð og



afurðaverð. Þannig geti Verðlagsstofa betur stuðlað að markmiðum þess eftirlits sem stofunni er fengið með auknu gagnsæi og stuðlað að styttri málsmeðferðartíma fyrir úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Sjómannafélögin hafa lýst sig fylgjandi frumvarpinu

## Lífeyrissjóðir félagsmanna VM

VM á fulltrúa í fulltrúaráðum lífeyrissjóða félagsfólks. Flest félagsfólk okkar er í Birtu lífeyrissjóði og Gildi lífeyrissjóði, en hluti dreifist á marga lífeyrissjóði um allt land. Fulltrúafjöldi hvers stéttarfélags fer eftir vægi iðgjalda félagsfólks þess.

### Birta lífeyrissjóður

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM tíu fulltrúa.

Þá er Guðni Gunnarsson í stjórn fulltrúaráðs launamanna. Einnig á VM einn fulltrúa í valnefnd, Samúel Ingvason.

Auk þess sitja J. Snæfríður Einarsdóttir og Örvar Þór Kristjánsson í aðalstjórn og Garðar Garðarson í varastjórn.

### Gildi lífeyrissjóður

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM þrjú fulltrúa. Fulltrúafjöldi hvers stéttarfélags fer eftir vægi iðgjalda félagsfólks þess. VM á ekki mann í stjórn í Gildis.

### Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM tvo fulltrúa.

Örn Friðriksson situr í aðalstjórn sjóðsins fyrir VM.

Flest félagsfólk okkar er í Birtu lífeyrissjóði og Gildi lífeyrissjóði, en hluti dreifist á marga lífeyrissjóði um allt land. Fulltrúafjöldi hvers stéttarfélags fer eftir vægi iðgjalda félagsfólks þess.

## Norræna vélstjórásambandið (NMF)

Vélstjórafélögin í Danmörku, Svíþjóð og Noregi stofnuðu sambandið á fundi í Gautaborg í febrúar 1919. Finnsla vélstjórafélagið gekk í sambandið árið eftir. Árið 1981 gengu svo vélstjórafélögin í Færeyjum og á Íslandi í sambandið.

Sambandið fundar tvisvar á ári, á vorin og haustin. Árið 2023 var fundað á Svalbarða í marsmánuði og í Færeyjum í október. Fundir Norræna vélstjórásambandsins eru mjög fræðandi um málefni vélstjóra á Norðurlöndum og hafa fulltrúar Íslands sótt þangað mikilvægar upplýsingar, bæði á fundum ráðsins og í samskiptum við fulltrúa norrænu félaganna milli funda. Norska vélstjórafélagið heldur úti fulltrúa sem tekur mikinn þátt í vinnu alþjóðastofnana um m.a. kröfur til þekkingar áhafna og öryggis skipa. Áberandi er að stofnanirnar vinna að kröfum fyrir nýja orkugjafa og mannlauð skip og einnig er unnið að endurskoðun á alþjóðasamþykktum um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum (STCW-F samþykktinni).

## Alþjóðasiglingastofnunin (IMO)

Á vegum Alþjóðasiglingastofnunarinnar (IMO) hefur verið unnið að endurskoðun STCW-F samþykktarinnar, sem er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna á fiskiskipum, (STCW-F; International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel).

STCW-F samþykktin var fyrst gerð 1995 og þá þurftu 15 þjóðir að samþykkja hana svo hún öðlaðist gildi. Það náðist í september 2012. Ísland gerðist aðili að samþykktinni í apríl 2002.

Verkefnið við endurskoðun STCW-F samþykktarinnar var sett þannig upp að endurskoðunin ætti að fela í sér samræmingu við samþykktina fyrir farþega- og flutningaskip (STCW). Tillögur að breytingum á samþykktinni voru samþykktar á fundi IMO í febrúar 2023. Þá tekur við ferli innan stofnunarinnar við að ljúka breytingunum. Endurskoðun STCW samþykktarinnar, um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður á farþega- og flutningaskipum, hófst nú í byrjun árs á vegum IMO. Helstu áherslur við þessa endurskoðun varða nýja orkugjafa, mengun og öryggismál.

Námsskrá vélstjórnarnámsins byggist á hæfnikröfum sem settar eru í alþjóðasamþykktum. Báðar samþykktirnar gilda um skip með 750 kW framdrifsafli og þar yfir.

## Fræðslu- og menntamál VM

Hlutverk VM á sviði menntamála er að efla félagslega og faglega þekkingu félagsfólks og vinna að framgangi og þróun fagnáms þeirra. Fagnamið á að gefa sem mesta möguleika á vinnumarkaði og til áframhaldandi náms, auk þess sem félagsfólk á að hafa aðgang að markvissri endurmenntun. Félagið vinnur að þessum markmiðum með því að reka öflugan fræðslusjóð og taka þátt í starfsemi aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og menntastofnana sem stuðlar að þróun fagnámsins og endurmenntunar.



VM á fulltrúa í starfsgreinaráði málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreina og í stjórn og fagráði Iðunnar fræðsluseturs.

Málefni starfsnáms hafa mikið verið í umræðunni undanfarin ár svo segja má að unnið sé að málefnum starfsnáms á mörgum sviðum. Starfsmenn VM taka þátt og fylgjast með þeim verkefnum sem unnið er að.

## Starfsgreinaráð í málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinum

Starfsgreinaráðið er helsti vettvangur fagfélagsins til að hafa áhrif á fagnám félagsfólks. Meginverkefni ráðsins er að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautalýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og gera tillögur um lokamarkmið starfsnáms ásamt því að setja viðmið fyrir skiptingu námsins milli náms í skóla og náms á vinnustað.

Starfsgreinaráð gera einnig tillögur um uppbyggingu og inntak lokaprófa í starfsnámi og veita umsögn um námsbrautalýsingar einstakra skóla. Ráðin eiga jafnframt að halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms. Breytingar voru á starfs- umhverfi starfsgreinaráðanna þegar umsjón allra ráðanna var flutt til Menntamálastofnunar. Ráðherra ákvað svo að Menntamálastofnun yrði lögð niður og boðaði að ný stofnun mundi taka við hluta af verkefnum stofnunarinnar, þannig að eftirlit með skólastarfi verður aðgreint frá þjónustu og ráðgjöf og færast til mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrst um sinn. Umgjörð starfsgreinaráðanna hefur því verið í nokkurri óvissu undanfarið.

Menntayfirvöld hafa lagt mikla áherslu á gerð rafrænna ferilbóka og hefur Menntamálastofnun yfirumsjón með verkefninu. Rafrænar ferilbækur fyrir vélvirkjun, rennismíði, blikksmíði, stálsmíði og veiðarfærataekni eru komnar á vef Menntamálastofnunar. Eftir er að vinna ferilbók fyrir og vélstjórn. Hvað vélstjórnina varðar er gert ráð fyrir að þjálfun um borð í skipi byggist alfarið á þjálfunarhandbókum sem gefnar hafa verið út í tengslum við STCW samþykktina.

Samkvæmt reglugerð um vinnustaðanáms bera skólar ábyrgð á vinnustaðanámi og starfsþjálfun nema. Ráðuneytið, skólar, Rafmennt og Iðan hafa komið á rafrænum vettvangi sem kallast Nemastofa (sjá [nemastofa.is](http://nemastofa.is)). Þar geta fyrirtæki, sem hafa áhuga á að taka nema, skráð sig og nemendur geta leitað þar að nemaplássi

Rafrænar ferilbækur fyrir vélvirkjun, rennismíði, blikksmíði, stálsmíði og veiðarfærataekni eru komnar á vef Menntamálastofnunar.

## Skólamálar


### NEMAR Í VÉL- OG MÁLMTÆKNI OG NETAGERÐ

Tólf skólar á landinu bjóða nám í vélstjórn, málmíðnum og veiðarfærataekni.

### Útskrifaðir nemar úr vél- og málmækninámi

Nokkuð er um að skólar keyri sameiginlegt grunnnám fyrir vélstjórnar- og málmæknibrautir og bifvélavirkjun.

Útskrifaðir	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019
Vélavæðanám	23	24		49	66
Vélstjórn A-nám	14	13	14	9	38
Vélstjórn B-nám	15	11	15	27	29
Vélstjórn C-nám	7	6	6	5	5
Vélstjórn D-nám	39	44	14	36	43
Grunndeild málmíðna	9			66	111
Rennismiði	13	14	3	8	7
Stálsmiði	14	16	10	18	8
Vélvirkjun	58	53	51	62	75
Veiðarfærataekni	0	0	2	0	5
Blikksmiði	7	6	6	15	10
Málmsuða	2	4	0	7	0
<b>Samtals</b>	<b>201</b>	<b>191</b>	<b>121</b>	<b>302</b>	<b>397</b>






### Skráðir nemendur á vorönn

Nemendur á vélstjórnarbrautum eru skráðir á viðkomandi brautir og mismunandi er hve langt þeir eru komnir.

Í námi á vorönn	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019
Vélavörður				1	4	
Vélstjórn A-nám	26	20	22	42	52	69
Vélstjórn B-nám	123	122	79	128	117	98
Vélstjórn C-nám	54	51	21	87	49	10
Vélstjórn D-nám	96	86	8	44	72	114
Grunndeild málmíðna	106	125	134	136	162	150
Rennismiði	19	27	34	22	14	17
Stálsmiði	52	50	37	47	47	46
Vélvirkjun	191	204	119	167	154	179
Netagerð			17	13	20	0
Blikksmiði	20	17	22	23	34	30
Málmsuða						
<b>Samtals</b>	<b>687</b>	<b>702</b>	<b>493</b>	<b>709</b>	<b>722</b>	<b>717</b>



Alls útskrifuðust  
107 sveinar í  
málmiðngreinum og  
veiðarfæratækni á  
árinu 2023.


### ÚTSKRIFAÐIR SVEINAR Í MÁLMÍÐNGREINUM OG NETAGERÐ

Iðan fræðslusetur annast móttöku gagna og skráningu námssamninga og sveinsprófa fyrir málmiðngreinar og veiðarfæratækni auk margra annarra löggiltra iðngreina. Fræðslusetrið annast einnig ýmsa þjónustu fyrir sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir. Alls útskrifuðust 107 sveinar í málmiðngreinum og veiðarfæratækni á árinu 2023 og skiptast eftir iðngreinum sem hér segir:

Iðngrein	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019
Blikksmíði	8	11	8	4	11
Veiðarfæratækni	1	5			3
Rennismíði	7	5	4	2	12
Stálsmíði	14	6	13	13	9
Vélvirkjun	77	101	79	79	92
<b>Samtals</b>	<b>107</b>	<b>128</b>	<b>104</b>	<b>98</b>	<b>127</b>



#### Tækniskólinn




## NÁMSSAMNINGAR

Á árinu 2023 voru 107 námssamningar í málmiðngreinum og veiðarfærataekni staðfestir.

Námssamningarnir skiptast þannig eftir iðngreinum:

Iðngrein	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2018
Blikksmiði	8	7	9	6	11	9
Veiðarfærataekni	1	2	5	2	7	2
Rennismiði	7	7	4	3	7	10
Stálsmiði	14	5	12	9	11	11
Vélvirkjun	77	63	120	71	82	79
<b>Samtals</b>	<b>107</b>	<b>84</b>	<b>150</b>	<b>91</b>	<b>118</b>	<b>111</b>



Á árinu 2023 voru 107 námssamningar í málmiðngreinum og veiðarfærataekni staðfestir.

## Skrúfudagurinn 2024

Skrúfudagurinn var haldinn 16. mars í Tækniskólanum við Háteigsveg en útskriftarnemendur hafa staðið að þessum degi í rúma sex áratugi. Gestum og gangandi gefst tækifæri á að skoða aðstöðuna, heilsa upp á nemendur og starfsfólk. Formaður og starfsfólk VM tók að venju þátt Skrúfudeginum.





## FAGSVIÐ MÁLM- OG VÉLTÆKNI IÐUNNAR FRÆÐSLUSETURS

VM er aðili að Iðunni fræðslusetri sem hefur það hlutverk að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. Fagsvið Málm- og véltækni fer með málefni vél- og málmíðnaðarins. Tveir fulltrúar VM sitja í fagráði fyrir málm- og véltæknigreinar.

Auk hefðbundins námskeiðahalds hafa fyrirtæki í auknum mæli leitað til Iðunnar með óskir um þjálfun á ákveðnum sviðum. Einnig er töluvert um að starfsmenn sviðsins veiti ráðgjöf og aðra aðstoð, sérstaklega varðandi suðumál, bæði í gegnum síma og í fyrirtækjum.

Í Covid faraldrinum þurftu fræðslufélög eins og Iðan að huga að öðrum leiðum til að miðla þekkingu en að fá fólk á námskeið. Áhersla á fjarnámskeið var aukin auk ýmiss konar fræðslu með stuttum myndböndum. Þessar nýjungar hafa haft áhrif á starfsemi Iðunnar, en talið er að líklega muni yngra fólk leita frekar í miðlun sem þessa, þar sem markmiðið er að fá upplýsingar um það sem leitað er eftir þegar það vantar.

Árið 2023 hélt Málm- og véltæknisvið Iðunnar eftirtalin námskeið:

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Ábyrgðarstjóri suðumála	2	23
Brúkrananámskeið	7	90
Iðnstýringar	10	75
Kælitækni	6	42
Legur	2	27
Loftræsting	3	20
Rafknúnar vinnuvélar	5	29
Sjónskoðun málm-suðu	4	61
Stálvirkaframkvæmdir, tæknilegar kröfur	2	26
Suðuferlar	3	25
Suðunámskeið	14	110
Suðupróf	2	5
Titringsmælingar	1	7
Trefjaplast	3	69
Túrbínuviðgerðir og viðhald	1	11
Tölvuteikning	22	251
Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf	9	65
Vinnuvélanámskeið	10	46
Vökvatækni	2	26
Öryggistrúnaðarmenn	4	5
<b>Heildarsumma</b>	<b>112</b>	<b>1013</b>

Auk hefðbundins námskeiðahalds hafa fyrirtæki í auknum mæli leitað til Iðunnar með óskir um þjálfun á ákveðnum sviðum. Einnig er töluvert um að starfsmenn sviðsins veiti ráðgjöf og aðra aðstoð, sérstaklega varðandi suðumál, bæði í gegnum síma og í fyrirtækjum.

## Sjóðir VM

Við stofnun VM var lögð áhersla á að koma á fót öflugum fræðslusjóði sem veitt gæti félagsfólki rétt til umtalsverðra styrkja til að greiða niður námskostnað þeirra sem vilja sækja sér aukna þekkingu og færni. Allt félagsfólk, sem greitt hefur félagsgjald í 6 mánuði, á grunnstyrk að upphæð kr. 100.000. Að auki safnast kr. 25.000 á ári. Hámarksréttur er kr. 225.000. Grunnrétturinn, ásamt uppsöfnuðum rétti, gefur rétt til styrkja sem nema 60% af námskostnaði við tólmstundanám og 75% af kostnaði við fagnám.

Það félagsfólk, sem atvinnurekendur greiða sérstaklega af í fræðslusjóð VM vegna ákvæða þar um í kjarasamningi eða samkvæmt persónubundnum samningi, á rétt á viðbótarstyrk. Miðað er við að greiðslur vinnuveitanda nemi 1,1% af heildarlaunum starfsmanns. Viðbótarstyrkurinn nemur kr. 50.000 á ári og geta rétthafar safnað rétti í allt að fjögur ár. Viðbótarstyrkurinn er sérstaklega ætlaður til fagnáms og starfsþróunar.

Árið 2023 voru greiddir 318 styrkir úr fræðslusjóði félagsins, 258 styrkir vegna fagnáms samtals að upphæð kr. 19.030.719 og 60 vegna tólmstundanáms samtals að upphæð kr. 2.769.085

# 225.000

er hámarksréttur félagsmanna



Árið 2023 voru greiddir 318 styrkir úr fræðslusjóði félagsins, 258 styrkir vegna fagnáms samtals að upphæð kr. 19.030.719 og 60 vegna tólmstundanáms samtals að upphæð kr. 2.769.085



## Styrktar- og sjúkrasjóður VM

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm einstaklingum úr félaginu, þar af þremur sem kjörnir eru á aðalfundi.

Stjórn sjóðsins til aðalfundar 2024: Guðmundur Helgi Þórarinnsson formaður, Brynjar Viggósson, Reinhold Richter, Valbjörn Jón Höskuldsson og Kristmundur Skarphéðinnsson (tilnefndur af stjórn).

Starfsmenn VM kanna ávallt rétt umsækjenda til bóta og sjá um útreikninga og greiðslur til félagsfólks, en fjármálastjóri og formaður fara mánaðarlega yfir greiðslur bóta og staðfesta réttmæti þeirra.

Á meðfylgjandi töflum má sjá þróunina á greiðslu dagpeninga og styrkja úr sjóðnum á síðustu þremur árum. VM hvetur félagsfólk sitt eindregið til þess að nýta sér alla þá góðu styrki sem í boði eru hjá styrktar- og sjúkrasjóði VM. Sérstaklega má þar nefna forvarnarstyrki sem félagsfólk á kost á: áhættumat hjá Hjartavernd, ristilskoðun, blöðruhálskirtilsskoðun, krabbameinsskoðun og heyrnarmælingu.





## GREIÐSLUR ÚR STYRKAR- OG SJÚKRASJÓÐI 2021-2022-2023

### 2021

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	90	151.325.802	1.681.398
SJÚKRAPJÁLFUN	176	6.662.140	37.853
SJÓNGLER OG LINSUR	144	7.119.009	49.438
HEYRNARTÆKI	38	5.787.892	152.313
FRJÓSEMISMÆÐFERÐ	13	1.952.109	150.162
ÚTFARARSTYRKUR	23	5.750.000	250.000
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	385	10.007.880	25.994
LÆKNISÞJÓNUSTA	236	5.180.401	21.951
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	336	10.142.557	30.186
FÆÐINGARSTYRKUR	96	9.600.000	100.000
ÆDRIR STYRKIR	135	3.049.020	22.585
<b>SAMTALS :</b>	<b>1.672</b>	<b>216.576.810</b>	<b>129.532</b>

### 2022

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	120	187.474.317	1.562.286
SJÚKRAPJÁLFUN	173	6.946.005	40.150
SJÓNGLER OG LINSUR	167	9.200.252	55.091
HEYRNARTÆKI	46	7.062.677	153.536
FRJÓSEMISMÆÐFERÐ	10	1.314.004	131.400
ÚTFARARSTYRKUR	30	7.500.000	250.000
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	396	11.360.462	28.688
LÆKNISÞJÓNUSTA	221	5.439.717	24.614
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	304	9.103.016	29.944
FÆÐINGARSTYRKUR	77	7.950.000	103.247
ÆDRIR STYRKIR	109	2.795.721	25.649
<b>SAMTALS :</b>	<b>1.653</b>	<b>256.146.171</b>	<b>154.958</b>

### 2023

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	105	210.522.113	2.004.973
SJÚKRAPJÁLFUN	188	8.705.022	46.303
SJÓNGLER OG LINSUR	186	10.024.257	53.894
HEYRNARTÆKI	42	6.517.822	155.186
FRJÓSEMISMÆÐFERÐ	9	1.276.500	141.833
ÚTFARARSTYRKUR	30	7.500.000	250.000
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	451	17.839.525	39.555
LÆKNISÞJÓNUSTA	227	5.227.153	23.027
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	342	10.037.181	29.348
FÆÐINGARSTYRKUR	81	12.936.000	159.704
ÆDRIR STYRKIR	208	5.969.742	28.701
<b>SAMTALS :</b>	<b>1.869</b>	<b>296.555.315</b>	<b>158.671</b>

## Styrkir til hjálparsamtaka

Árið 2023 styrkti VM hjálparsamtök fyrir jólin eins og undanfarin ár. Að þessu sinni fékk Hjálparstofnun kirkjunnar 500.000 kr. og björgunarsveitirnar kr. 500.000.

## Akkur

Árið 2022 skilaði neikvæðri ávöxtun sem olli því að ekki var hægt að úthluta styrkjum árið 2023.

Stjórn Akks frá aðalfundi VM 2021 til aðalfundar VM 2024 skipa: Ólafur Grétar Kristjánsson formaður, Steingrímur Haraldsson og Einar Hilmarsson. Varamenn í stjórn Akks eru Jón Jóhannsson, Sævar Örn Kristjánsson og Andrés Bjarnason.

Árið 2022 skilaði neikvæðri ávöxtun sem olli því að ekki var hægt að úthluta styrkjum árið 2023.





## Kjarasvið Fagfélaganna

Kjarasvið Fagfélaganna þjónustar félagsfólk RSÍ, VM, Byggiðnar og MATVÍS. Í heildina eru um 17.000 félagar í þessum félögum.

Kjaradeildin svarar fyrirspurnum vegna kjarasamninga, útbýr launakröfur, kemur að gerð kjara- og stofnanasamninga auk þess sem vinnustaðaeftirlitið vinnur undir kjaradeild Fagfélaganna. Í september 2023 gerðu Fagfélögin og Efling samning um vinnustaðaeftirlit sem gerði það að verkum að hægt var að stækka eftirlitsteymið úr einum fulltrúa upp í tvo. Það samstarf hefur reynst mikil lyftistöng fyrir eftirlitið.

Undir kjaradeild vinna því í dag sex starfsmenn; fjórir sinna kjaramálum og tveir eftirliti.

Frá september 2023 hefur kjaradeild Fagfélaganna svarað beint í síma öllum erindum um kjaramál en áður þurfti félagsfólk að byrja á að tala við skiptiborðið og síminn sendur inn á kjaradeild ef málið féll í þann málaflokk. Við höfum einnig verið að bæta allt utanumhald um tölfræði samhliða þessum breytingum.

Frá september 2023 til febrúar 2024 bárust kjaradeildinni 1.514 símtöl eða rúmlega 300 símtöl í hverjum mánuði. Á sama tíma bárust um 2.100 aðstoðarbeiðnir í gegnum heimasíður félaganna. Kjaradeildin hefur því svarað rétt rúmlega 3.600 beiðnum, spurningum og öðrum erindum sl. 6 mánuði. Það samsvarar rúmlega 27 svörum á hverjum virkum degi, eða 600 svör á mánuði. Taka þarf fram að ótalin eru samskipti sem fara fram í gegnum tölvupósta starfsmanna.

Á árinu 2023 urðu til 70 formleg mál hjá kjaradeild Fagfélaganna sem tók til 136 félagsmanna. Þessi mál eru að stærstum hluta launakröfur eða kröfulýsingar í þrotabú. Af 70 málum, sem komu inn, er 48 málum nú þegar lokið eða 69% mála sem urðu til á árinu.

Kjaradeildin undirbýr kjarasamningagerð, hittir samninganefndir og á oftast fulltrúa þar sem gengið er frá kjarasamningum. Félög innan Fagfélaganna eru aðilar að hátt í 60 kjarasamningum og var klárað að ganga frá kjarasamningum vegna skammtímasamninga á fyrri helming ársins 2023. Strax í framhaldi af því hófst undirbúningur fyrir næstu kjarasamningalotu sem er þegar þetta er ritað í fullum gangi. Auk þess kom kjaradeild Fagfélaganna að fjórum stofnanasamningum.

Kjaradeildin kemur einnig að skipulagðri fræðslu en á síðasta starfsári voru haldin tvö trúnaðarmannanámskeið auk þess sem haldin voru tvö lífeyrisnámskeið. Fagfélögin munu leggja áherslu á að gera enn betur í fræðsluhlutanum eftir að gengið hefur verið frá langtíma-kjarasamningum.

Kjaradeildin hefur því svarað rétt rúmlega 3.600 beiðnum, spurningum og öðrum erindum sl. 6 mánuði.

Það samsvarar rúmlega 27 svörum á hverjum virkum degi, eða 600 svör á mánuði.

Taka þarf fram að ótalin eru samskipti sem fara fram í gegnum tölvupósta starfsmanna.

## Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna og Eflingar 2023-2024

### Hlutverk vinnustaðaeftirlits


Stéttarfélög sinna öfluggu vinnueftirliti sem felst aðstoð við félagsfólk, upplýsingagjöf, gerð launakrafna fyrir hönd félagsmanna, ráðgjöf og með því sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Vinnustaðaeftirlit byggir á lögum nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Lögin gera fulltrúum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) kleift að fara inn á vinnustaði til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga, ásamt því að kanna hvort starfsfólk beri vinnustaðaskírteini samkvæmt framangreindum lögum. Í sérstöku samkomulagi milli ASÍ og SA eru skilgreindar þær atvinnugreinar sem heimildir eftirlitsins ná yfir. Á þeim grundvelli heimsækja eftirlitsfulltrúar byggingasvæði, veitingastaði, gististaði og önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu og fl. Þeir ræða við launafólk á vinnustöðum um réttindi sín, skoða launaseðla, ráðningarsamninga og starfréttindi eftir atvikum. Þeir dreifa upplýsingaefni á ýmsum tungumálum, upplýsa um hlutverk og þjónustu stéttarfélaganna og kjaratengd réttindi. Þeir tala við stjórnendur á vinnustöðum og tilkynna eftirlitsfulltrúum stofnana ríkisins um hugsanleg brot þegar við á.

Markmið vinnustaðaeftirlitsins er líka að auka sýnileika stéttarfélaganna sem hér á landi hafa sérstöðu vegna hárrar stéttarfélagaðildar. Ísland er í fyrsta sæti á heimsvísu með yfir 91% hlutfall starfsmanna sem tilheyra í stéttarfélagi.



### Hlutfall launafólks í stéttarfélagi



Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna, á landinu öllu, heimsótti 596 fyrirtæki á síðasta ári þar sem rætt var við 1910 einstaklinga. Af þeim einstaklingum sem rætt var við, voru 1154 af erlendum uppruna og 756 Íslendingar. Af öllum þessum eftirlitsheimsóknum hafa eftirlitsfulltrúar Fagfélaganna heimsótt 140 fyrirtæki og rætt við 459 einstaklinga. Af þeim sem rætt var við voru 348 af erlendu uppruna en 112 voru Íslendingar.

Síðan eftirlitssamstarf Fagfélaganna og Eflingar hófst, (tímabilið 1.09.2023 til 1.03.2024) hafa eftirlitsfulltrúar Fagfélaganna og Eflingar heimsótt 145 fyrirtæki og rætt við 494 einstaklinga. Af þeim einstaklingum sem rætt var við voru 369 af erlendum uppruna en 125 Íslendingar. 61% einstaklinga sem við hittum eru af erlendum uppruna en ríkisborgarar þriðja ríkis um 7%.

### Fyrsti snertiflöturinn við kerfið

Reynslan af eftirlitsheimsóknum síðasta árs sýnir að vinnustaðaeftirlit er iðulega fyrsti snertiflötur kerfisins þegar kemur að alvarlegustu brotámálunum á vinnumarkaði; eins og vinnumansali, launaþjófnaði, hagnýtingu vinnuafls og fl. kjaratengdum brotum á borð við rangt reiknaða yfirvinnu, rangt vaktaálag eða skorti á skriflegum ráðningarsamningi.

Flest mál koma upp í byggingaiðnaði, veitinga- og hótelgeira og ferðaþjónustu. Árlega gera stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) kröfur um ógreidd laun upp á mörg hundruð milljóna króna. Þessi mál snúast oft um skipulagðan launaþjófnað af hálfu vinnuveitenda og önnur alvarleg réttindabrot eins og vinnumansal. Vöxtur í mannaflsfrekum greinum eins og ferðaþjónustu og byggingariðnaði, auk fjölgunnar starfmannaleiga og annarra tegunda fyrirtækja, hefur skapað áskoranir fyrir stéttarfélögin innan ASÍ sem vinna hörðum höndum að því að bæta og vernda kjör launafólks. Vinnustaðaeftirlit er mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni og því mætti segja að eftirlitsmennirnir vinni framlínustörf.

Í þessu samhengi má nefna mál þar sem brotið var á réttindum rúmenskra starfsmanna í byggingariðnaði, sem hlaut farsælan endi: <https://rafis.is/2023/10/24/brotid-a-rettindum-rumenskra-starfsmanna/> og <https://rafis.is/2023/12/19/10141/>


Vinnustaðaeftirlit á Íslandi starfar náið með opinberum stofnunum og aðilum sem fara með eftirlithlutverk. Þar má nefna Vinnuálastofnun, Vinnueftirlit ríkisins, lögreglan, Útlendingastofnun, slökkvilið, heilbrigðiseftirlit, Persónuvernd, Bjarkahlíð og fl. Vinnustaðaeftirlitið sendir fjölda tilkynninga til ofan nefndra stofnana og aðila. Tilkynningarnar varða til dæmis slæma meðferð matvæla og óþrifnað á vinnustöðum, ófullnægjandi brunavarnir, myndavélakerfi t.d. í eldhúsum og í starfmannaaðstöðu. Þær geta einnig varðað grun um mansal o.fl., eins og fram hefur komið í fréttum í máli sem varðar fólk frá Víetnam. Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna og Eflingar hefur frá upphafi samstarfsins unnið að því að móta verkferla vegna eftirlitsins og búa til upplýsingaefni sem hægt er að nota í vinnustaðaeftirliti.

Vinnustaðaeftirlitsfulltrúar okkar sækja reglubundið námskeið og ráðstefnur til að dýpka þekkingu sína á mansalsmálum og auka samstarfið við önnur Norðurlönd til að vera í stakk búnir til að takast á við áskoranir sem komið geta upp á vinnumarkaði.

Vinnustaðaeftirlitið reynir einnig að hafa áhrif á löggjöf en nýlega sendi vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna inn umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga á ýmsum lögum um samstarf og eftirlit á vinnumarkaði. Sjá nánar: <https://island.is/samradsgatt/mal/3719>

## Viðmælendur Fagfélaganna og Eflingar

í eftirlitsheimsóknum frá 1. sept. 2023 til 1. mars 2024



Adam Kári Helgason og Mirabela Blaga eru eftirlitsfulltrúar Fagfélaganna og Eflingar.

## Virk – Starfsendurhæfingarsjóður

Ef þú ert í VM og veltir fyrir þér hvort þú þarft á starfsendurhæfingu að halda er fyrsta skrefið að panta tíma hjá lækni og ræða við hann hvort starfsendurhæfing hjá VIRK sé raunhæfur kostur fyrir þig.

Í starfsendurhæfingu hjá VIRK eru ráðgjafar með þér í liði, hvetja þig og hjálpa þér að ná heilsu og ná þínum markmiðum.

Á árinu 2023 hófu 2.304 einstaklingar starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Það er svipaður fjöldi og árið áður.

Á nýliðnu ári útskrifuðust 1.604 þjónustuþegar frá VIRK, 156 einstaklingum færri en árið 2022.

Um áramótin síðustu voru 2.493 þjónustuþegar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK, 7,5% fleiri en fyrir ári síðan.

Á árinu 2023 hófu 176 einstaklingar starfsendurhæfingu hjá ráðgjöfum á Stórhöfða. Alls luku 118 luku þjónustu, 81% þeirra útskrifuðust með vinnugetu og fóru í vinnu, nám eða atvinnuleit.

Alls hafa 2.342 einstaklingar hafið starfsendurhæfingu á Stórhöfðanum frá upphafi starfseminnar.

### Hvað er starfsendurhæfing?

Starfsendurhæfing er þjónusta við fólk sem þarf stuðning við að komast út á vinnumarkað í kjölfar veikinda eða slysa. Hún á við þegar heilsubrestur hefur valdið fjarveru frá vinnu að hluta eða öllu leyti í lengri tíma og ekki útlit fyrir að einstaklingur komist af eigin rammleik aftur á vinnumarkað.

Starfsendurhæfing getur tekið við af annarri endurhæfingu sem einstaklingur hefur fengið í heilbrigðiskerfinu.

### Hvert er hlutverk VIRK ?

Hlutverk Virk er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Oftast er stefnt á fullt starf en ef um skerta starfsgetu er að ræða getur markmiðið verið að einstaklingur komist í hlutastarf. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings og því þarf að vera bæði vilji og geta til þess að taka þátt og sinna endurhæfingaráætlun eins og gert er ráð fyrir í þátttökusamningi.

### Meginskilyrði fyrir þjónustu hjá VIRK eru eftirfarandi:

- Að viðkomandi geti ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt í vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga.
- Að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Að geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Á árinu 2023 hófu 176 einstaklingar starfsendurhæfingu hjá ráðgjöfum á Stórhöfða. Alls luku 118 luku þjónustu, 81% þeirra útskrifuðust með vinnugetu og fóru í vinnu, nám eða atvinnuleit.

**Auk þess er nauðsynlegt að:**

- Einstaklingur sé fær um að axla ábyrgð á eigin lífi, geta tekið þátt í athöfnum daglegs lífs og sinnt nauðsynlegum þáttum starfsendurhæfingar.
- Einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna og hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu.
- Þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.
- Haft sé samráð við viðeigandi aðila, s.s. lækni, meðferðaraðila og atvinnurekanda þegar við á.

Þjónusta VIRK er til staðar á helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og er einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu. Á vegum VIRK starfa fjölmargir sérhæfðir ráðgjafar sem eru staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land. Þeir veita einstaklingum stuðning í gegnum starfsendurhæfingarferlið. Einnig er í vissum tilfellum fengin aðstoð atvinnulífstengla þegar þörf er á.

VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land og leggur áherslu á að þjónustan sé fagleg og til þess fallin að auðvelda einstaklingum endurkomu á vinnumarkað. Úrræði standa nú í auknum mæli einnig til boða í fjarfundaformi, bæði viðtöl og námskeið og hefur það komið sér afar vel í heimsfaraldrinum.

Einstaklingar, sem eru í vafa um hvort þeir þurfi á starfsendurhæfingu að halda, eru hvattir til að ræða við lækni eða umsjónarmann sjúkrasjóðs stéttarfélags. Einnig er hægt að snúa sér beint til VIRK ráðgjafa.

Á heimasíðu VIRK <https://www.virk.is/> eru greinargóðar upplýsingar og svör við algengustu spurningum, ásamt stuttum myndböndum sem geta gefið góða mynd af því hvernig starfsendurhæfingarferli getur verið.

Á síðunni <https://www.velvirk.is/> eru svo aftur mjög góð hollráð og upplýsingar um það hvernig fólk getur stundað forvarnir og bætt heilsu sína á marga vegu því betra er heilt en vel gróið.

Starfsendurhæfing er mjög einstaklingsmiðuð og getur varað í mislangan tíma eftir atvikum en algengast er að ferlið taki 6-12 mánuði.

Í einhverjum tilvikum getur einstaklingur þurft að skipta um starfsvettvang vegna heilsu-brests. Vinna iðnaðarmanna er í mörgum tilfellum líkamlega erfið og ef ekki er hægt að sníða vinnuna eftir færninni þarf oft að opna hugann og líta í aðrar áttir, finna nýjan starfsvettvang og hefja nýjan starfsferil. Menntun verður þó aldrei tekin frá fólki og oft nýtist fyrri menntun á nýjan hátt í öðru starfi. Það getur verið krefjandi að gangast við því að geta ekki lengur unnið á sama hátt og áður en það getur opnað á alveg nýja möguleika. Stundum þarf nýja menntun en stundum þarf bara að finna leiðir fram hjá hindrunum og koma auga á möguleikana. Í einhverjum tilfellum þarf líka að horfast í augu við að vinnugetan er orðin skert þannig að færniskerðing vegna sjúkdóma eða slysa getur gert fólki ókleift að sinna fyrra starfi.

Flestir vilja þó áfram taka virkan þátt í samfélaginu, finna að vinna þeirra skipti máli og þeir séu hluti af teymi eða vinnustað, hafi tilgang og ástæðu til þess að fara á fætur.

Á vegum VIRK starfa fjölmargir sérhæfðir ráðgjafar sem eru staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land.

# Lykiltölur úr rekstri VM árið 2023 (birt með fyrirvara)

## REKSTRARREIKNINGUR 2023

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður	Vinnudeilu- og verk.sjóður
<b>Rekstrartekjur</b>						
Félagsgjöld og iðgjöld .....	745.942.091	299.969.942	93.835.251	11.993.847	340.143.051	
Aðrar tekjur .....	65.177.960	26.102.296	39.075.664		0	
	<b>811.120.051</b>	<b>326.072.238</b>	<b>132.910.915</b>	<b>11.993.847</b>	<b>340.143.051</b>	<b>0</b>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	143.311.405	143.311.405				
Almennur rekstrarkostnaður .....	158.852.577	151.775.831		239.934	6.836.812	
Aðildargjöld til ASÍ .....	26.566.672	26.566.672				
Þóknun til (frá) öðrum sjóðum .....	0	(46.997.454)	9.383.525	3.599.624	34.014.305	
Bætur og styrkir .....	318.305.119			21.749.804	296.555.315	
Rekstur orlofshúsa og íbúða .....	124.091.315		124.091.315			
Afskriftir .....	50.601.699	27.555.568	20.466.747	745.141	1.834.243	
	<b>821.728.787</b>	<b>302.212.022</b>	<b>153.941.587</b>	<b>26.334.503</b>	<b>339.240.675</b>	<b>0</b>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>	<b>(10.608.736)</b>	<b>23.860.216</b>	<b>(21.030.672)</b>	<b>(14.340.656)</b>	<b>902.376</b>	<b>0</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>30.185.183</b>	<b>7.169.621</b>	<b>140.777</b>	<b>1.627.035</b>	<b>13.177.317</b>	<b>8.070.433</b>
<b>Lagt í Vinnudeilu- og verkbannssjó</b>	<b>0</b>	<b>(23.914.861)</b>				<b>23.914.861</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>19.576.447</b>	<b>7.114.976</b>	<b>(20.889.895)</b>	<b>(12.713.621)</b>	<b>14.079.693</b>	<b>31.985.294</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður	Vinnudeilu- og verk.sjóður
<b>Eignir sjóða alls</b>	<b>4.060.636.160</b>	<b>2.100.514.872</b>	<b>528.615.146</b>	<b>107.273.841</b>	<b>837.534.440</b>	<b>486.697.861</b>
<i>Krafa á aðra sjóði .....</i>	<i>(1.268.899.607)</i>			<i>(76.895.000)</i>	<i>(705.306.746)</i>	<i>(486.697.861)</i>
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.791.736.553</b>	<b>2.100.514.872</b>	<b>528.615.146</b>	<b>30.378.841</b>	<b>132.227.694</b>	<b>0</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eigið fé</b>						
Akkur, styktar- og menningarsjóður ..	232.815.475	232.815.475				
Minningarsjóður VM .....	4.220.674	4.220.674				
Óráðstafað eigið fé .....	2.396.708.745	1.114.804.408	(139.960.622)	107.273.841	827.893.257	486.697.861
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>2.633.744.894</b>	<b>1.351.840.557</b>	<b>(139.960.622)</b>	<b>107.273.841</b>	<b>827.893.257</b>	<b>486.697.861</b>
<b>Skuldir sjóða alls</b>	<b>1.426.891.266</b>	<b>748.674.315</b>	<b>668.575.768</b>	<b>0</b>	<b>9.641.183</b>	
<i>Skuld við aðra sjóði .....</i>	<i>(1.268.899.607)</i>	<i>(608.166.801)</i>	<i>(660.732.806)</i>			
<b>Skuldir samtals</b>	<b>157.991.659</b>	<b>140.507.514</b>	<b>7.842.962</b>	<b>0</b>	<b>9.641.183</b>	<b>0</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>2.791.736.553</b>					



# 1.604

Á árinu 2023 útskrifuðust 1.604 þjónustubegar frá VIRK, 156 einstaklingum færri en árið 2022.

# 9,5%

Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 9,5% frá árinu 2022 en höfðu hækkað um 14,5% milli áráanna 2022 og 2021.

# 296.555.315

Alls voru afgreiddir 1.869 styrkir úr styrktar- og sjúkrasjóði fyrir kr. 296.555.315.

# 1.910

Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna heimsótti 596 fyrirtæki þar sem rætt var við 1910 einstaklinga.

# 19,5

Heildarafkoma félagsins á árinu 2023 var jákvæð um 19,5 millj. kr. samanborið við 44 millj. kr. neikvæða afkomu á árinu 2022.

# 37

Orlofssjóður VM rekur 34 orlofshús allt árið um kring og 37 yfir sumarið.

# 8

Árið 2023 voru 8 nemendur á námssamningi í Blikksmíði

